



Gletta litla ehf.
Kt.: 680308-2920
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 04.10.2022
Tilv. 2022-03-29-1438

Efni: Fálkatindur NS-99 (2866). Brottkast. Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni.

I. Málsvik

Fiskistofa hefur til meðferðar mál er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Fálkatindur NS-99, skipaskrárnúmer 2866, þann 29. mars 2022 gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Málavöxtum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 30. mars 2022, að þann 29. mars 2022, um kl. 08:36, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit við Skálar á Langanesi (66°17,15 N - 14°48,18 W). Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Fálkatindur NS-99 (2866) var við grásleppuveiðar á svæðinu og ákváðu þeir að senda ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Loftfarinu hafi verið flogið um 5 km frá landi yfir skipið og tóku veiðieftirlitsmenn upp samtals þrjú myndbönd af meintum brotum og eru þau meðal gagna málsins. Á meðan flugi stóð hafi sést til þriggja skipverja að störfum um borð í umræddu fiskiskipi. Var verið að draga inn veiðarfæri og voru skipverjar í óða önn að losa afla úr grásleppuneti. Hafi þá veiðieftirlitsmenn séð til skipverja varpa þegar veiddum afla fyrir borð og hafi þá verið sett á upptöku. Upptaka hófst kl 08:40 og lauk um kl 09:40. Meint brot áttu sér stað á þeim tíma en samantöld lengd myndbandsupptaka er um 20 mínútur. Á þeim sést þegar skipverjar losa úr veiðarfærum og kasta aftur í sjóinn samtals sextán (16) þorskum, ýmist stjórnborðs- eða bakborðsmegin. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

II. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 24. ágúst 2022 (tilv. 2022-03-29-1438), var málsaðili upplýstur um að mál væri til meðferðar hjá stofnuninni vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög.

Í athugasemdum málsaðila, dags. 3. september 2022, voru lagðar fram staðhæfingar um landaðan afla umrædds fiskiskips umræddan dag, sem og daginn fyrir og daginn eftir 29. mars sl. Með mið af þeim upplýsingum telur málsaðili að ekki hafi verið um verulegt brottkast af þorski að ræða. Málsaðili upplýsti í athugasemdum sínum að vinnureglan um borð í umræddu fiskiskipi sé að hirða og landa öllum afla en smáum og verðlitlum lífvænlegum fiskum sé sleppt auk þess sem fyrir kemur að fiski sé hent sem er ónýtur vegna lúsar. Í athugasemdum málsaðila er vísað til þess að erfitt hafi verið fyrir hann að dæma vinnubrögð áhafnar umræddan dag án þess að hafa horft á myndböndin. Í samræmi við leiðbeiningaskyldu og vandaða stjórnsýsluhætti gaf því Fiskistofa málsaðila framlengdan frest til 23. september til að skila inn athugasemdum og afhenti málsaðila myndbandsupptökum málsins 13. september 2022. Viðbótar



athugasemdir málsaðila bárust Fiskistofu 19. september sl. Þar viðurkenndi málsaðili að málið liti ekkert sérstaklega vel út eftir að hafa horft á myndbandsupptökurnar. Þar ítrekaði málsaðili fyrri athugasemdir sínar um að líklega hafi einhverjir þeirra fiska, sem kastað var, hafi verið lúsétnir. Jafnframt vísaði málsaðili til þess að flestir fiskarnir, sem varpað var fyrir borð, hafi verið á lífi og synt niður aftur og vekur upp þá spurningu hvort að í slíkum tilvikum sé um brottkast að ræða eða hvort verið sé að “sleppa fiski”.

III. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Koma þau ekki til álita eins og atvikum er háttað í máli þessu. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) uppvís að meintu brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu úti við Skálar á Langanesi þann 29. mars 2022. Lögskráður skipstjóri um borð í umrætt sinn var X, kt. [...]. Við eftirlitið var notast við ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði. Þegar veiðieftirlitsmenn hafi séð til skipverja varpa þegar veiddum afla fyrir borð hafi verið sett á upptöku. Í málinu liggja fyrir myndbönd sem sýna skipverja varpa fyrir borð sextán þorskum sem dregnir höfðu verið um borð og losaðir úr veiðarfærum. Var sá afli sem kastað var aftur í sjó tegundagreindur af sérfræðingum Fiskistofu og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Umrædd myndbönd sýna með skýrum hætti þá háttsemi sem skipverjar viðhöfðu um borð í umræddu fiskiskipi umræddan dag. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun sína.

Í athugasemdum málsaðila er gefið í skyn að ekki hafi verið um verulegt brottkast af þorski að ræða, að teknu tilliti til þess heildarafla sem fiskiskipið Fálkatindur NS-99 (2866) landaði eftir umrædda veiðiferð. Jafnframt er vísað til þess að smáum og lífvænlegum fiski, sem lítil verðmæti séu í, sé sleppt. Jafnframt sé ónýtum lúsétnum fiski sleppt. Að auki vísar málsaðili til þess að flestir fiskarnir, sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, hafi verið á lífi og synt niður aftur og vekur upp þá spurningu hvort að í slíkum tilvikum sé um brottkast að ræða eða hvort verið sé að “sleppa fiski”.

Atviksbundið eftirlit Fiskistofu með veiðum skipsins umræddan dag stóð yfir í um klukkustund, frá um kl 08:40-09:40, en samkvæmt upplýsingum Fiskistofu stóð umrædd veiðiferð frá kl 05:45-16:22, eða rúma tíu og hálf klukkustund. Eftirlit með áhöfn Fálkatinds NS-99 (2866) á þessu klukkutíma tímabili gefur til kynna að brottkast hafi verið viðhaft í veiðiferðinni og ekki er hægt að útiloka að brottkast hafi í raun verið mun meira, þó það teljist ekki sannað. Brottkast er alvarlegt brot á lögum nr. 57/1996, jafnvel þó um lítið magn sé að ræða. Ógerningur er að halda uppi eftirliti með veiðiferðum frá upphafi til enda. Gefur sú háttsemi, sem áhöfn Fálkatinds NS-99 varð uppvís að á því klukkutíma tímabili sem um ræðir, vísbendingar um að



brottkast sé viðhaft um borð. Framganga skipverja virtist með öllu venjubundin og afla kastað fyrir borð án umhugsunar.

Sumir þeirra þorska sem skipverjar köstuðu virtust vissulega vera illa farnir en engin þeirra virtist vera undirmálsfiskur. Ástand afla leysir áhöfn ekki undan skyldu sinni til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu. Jafnframt er skipstjóra heimilt að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins (VS-afli). Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafli og 5% af öðrum sjávarafli, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiarinu og er bundið frekari skilyrðum eins og kveðið var á um í þágildandi 7. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2021/2022 nr. 920/2021. Með vísun til framangreinds ítrekar Fiskistofa að áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) hafi verið skylt að hirða og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins umræddan dag, hvort sem hann var lítill, lúsétinn eða skemmdur á annan hátt. Þó svo að sá fiskur sem varpað er fyrir borð sé með lífsmarki og syndi aftur eftir að hann hafnar í sjónum, þá er ekki “verið að sleppa fiski” eins og málsaðili vísar til heldur er um brottkast að ræða í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísun til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim sextán tilgreindu fiskum sem að framan greinir. Ákvæðið felur í sér skyldu skipstjóra og áhafnar til að gæta þess að allur fiskur sem kemur í veiðarfæri fiskiskips skili sér í land og sé veginn á hafnarvog.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Fálkatindur NS-99 (2866) er talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Brotin ógna helst hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

Myndbönd þau sem fyrir liggja í málinu sýna með skýrum hætti framgöngu skipverja um borð í umrætt skipti þegar þeir varpa þegar veiddum afla aftur í sjó. Aflaum er kastað fyrir borð, að því er virðist, án umhugsunar og virðast vinnubrögð þeirra og framganga með öllu venjubundin eins og áður segir. Gefur háttsemi skipverja í umræddri veiðiferð 29. mars 2022 sterklega til kynna að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háternisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til þess að málsaðili stundar veiðar í atvinnuskyni, ber ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans eigu séu í samræmi við gildandi lög um hrognkelsaveiðar og að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Jafnframt er litið til háttsemi og framgöngu skipverja, sem að framan er getið, við mat á ásetningsstigi. Að mati Fiskistofu er um ásetningsbrot áhafnar að ræða og brotin því alvarleg þó þau teljist ef til vill ekki meiriháttar, sé eingöngu litið magn þess afla sem sannað er að varpað var fyrir borð á umræddu tímabili. Af framangreindu, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnisyluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting til veiða í atvinnuskyni í eina viku.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Fálkatindur NS-99 (2866), leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7 daga) frá og með upphafsdegi veiðitímabils næstu grásleppuvertíðar 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brottkasts á sextán (16) þorskum. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða á grásleppu sbr. síðari másl. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 267/2022 um hrognkelsveiðar árið 2022. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

